

Fimmtudaginn 11. apríl 1957.

Nr. 8/1956. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-  
félags Raufarhafnar**  
gegn  
**Hafsilfri h.f.**

Úrskurður um öflun gagna.

**Úrskurður:<sup>1)</sup>**

Áður en dómur verður lagður á mál þetta, þykir rétt, samkvæmt 56. gr. laga nr. 80/1938, að aðiljar hlutizt til um að aflað verði eftirtalinna gagna:

1. Kjarasamnings þess, sem gerður var á Raufarhöfn árið 1950 milli Verkamannafélags Raufarhafnar og atvinnu- rekenda þar.
2. Skýrslna þeirra manna, sem fóru með samningsgerð á Raufarhöfn árið 1950 af hálfu samningsaðilja, um það, a) hvort þágildandi kjarasamningar Verkamannafélags- ins Þróttar á Siglufirði hafi verið fyrir hendi við samn- ingsgerðina, b) hvort til umræðu hafi komið skýringar þær á skipavinnu-taxtanum, sem eru í Siglufjarðarkjara- samningunum 1949, sbr. rj. sk. 11, eða c) hvort um það hafi verið rétt, er Raufarhafnarsamningurinn var gerð- ur 1950, hvernig skilja bæri ákvæði hans um skipavinn- una.

Rétt er, að aðiljar afli annarra þeirra skýrslna, sem fram- haldsgagnasöfnunin kann að veita ástæðu til.

Því úrskurðast:

Aflað skal framangreindra upplýsinga.

---

1) Mál þetta féll síðar niður.